# Námsáætlun – Haust 2015

Námsgrein: Íslenska 10. bekkur
Kennari: Fríða Pétursdóttir
Birt með fyrirvara um breytingar

Í kennslustundum er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi; lestur, lesskilning, málfræði, stafsetningu, umræður, túlkun og mat. Almennt hefjast kennslustundir á upprifjun og kynningu kennara sem fylgt er eftir með margvíslegri verkefnavinnu. Nemendur vinna ýmist einir eða í pörum og hópum. Í bókmenntum er lögð sérstök áhersla á umræður og skoðanaskipti og að nemendur leysi verkefni í samvinnu við aðra. Gert er ráð fyrir heimavinnu og munu upplýsingar um hana birtist á Mentor. Nemendur eru hvattir til að sinna heimanámi vel og muna sérstaklega eftir því að lestur er mikilvæg heimavinna.
Með markmiðum námsáætlunar í íslensku er stefnt að því að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla 2013).( http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/).

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst - september | **Stefnt er að því að nemandi:**<br>• geti lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað<br>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt sitt eigið læsi<br>• gert sér grein fyrir einkennum ólíkra textategunda<br>• geti beitt grunnhugtökum bókmenntafræði og þekki algeng hugtök í bragfræði<br>• geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt | **Lota 1**<br>Upprifjun á námsþáttum 9. bekkjar.<br>Lestur og ritun<br>Málfræði<br>Ljóð | Nemendur vinna ýmis verkefni sem útbúin eru af kennara, ræða saman og kryfja til mergjar.<br><br>Heimalestur og verkefni sem þarf að undirbúa heima að einhverju leyti. | Verkefnamappa og lesskilningskönnun. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar<br>• geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli og geti beitt fjölbreyttum orðaforða í ritun sinni<br>• geti beitt reglum um réttritun<br>• geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra<br>• geti gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og geti nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum | | | Samræmt próf í lok september. |
| September – október. | Sjá markmið um hæfni í 1. lotu. | **Lota 2**<br>Málfræðilota<br>Bókin Finnur 3 lögð til grundvallar. Áhersla á orðflokka og beygingarleg einkenni þeirra. (Byrjum á síðari hluta bókarinnar). | Einstaklings- og paravinna.<br><br>Nemendur þurfa að standa skil á lágmarksáætlun.<br><br>Nánari upplýsingar á Mentor um áætlun hverrar viku. | Próf og mat á ástundun. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Sjá markmið um hæfni í 1. lotu<br><br>• kynnist heimi Íslendingasagna, uppbyggingu og þekki helstu minni | **Lota 3**<br>Fornsögur<br>Gísla saga Súrssonar | Hópvinna og einstaklingsvinna.<br>Heimalestur.<br>Nánari upplýsingar á Mentor um skipulag hverrar viku. | Próf<br>Skilaverkefni |
| Október - nóvember | Sjá markmið um hæfni í 1. lotu.<br><br>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega<br>• gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar<br>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi | **Lota 4**<br>Lestur, ritun og tjáning.<br>Efni frá kennara | Nemendur vinna ýmis verkefni, flytja mál sitt, ræða saman og kryfja til mergjar. | Mat á ástundun<br>Jafningjamat<br>Stafsetningarkönnun<br>Lesskilningskönnun<br>Ritunarverkefni |
| Nóvember - desember | Sjá markmið um hæfni í 1. lotu | **Lota 5**<br>Málfræðilota þar sem við höldum áfram að byggja ofan á þann grunn sem lagður er í 2. lotu.<br><br>Námsefni:<br>Finnur 3 | Einstaklings- og paravinna.<br>Miðað er við að vinna fari að mestu leyti fram í skólanum. Nemendur þurfa að standa skil á lágmarksáætlun. Þeir sem vinna ekki samkv. námsáætlun bera | Málfræðipróf/skilaverkefni |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | ábyrgð á að vinna það upp.<br><br>Nánari upplýsingar á Mentor um áætlun hverrar viku | Í annarlok verður lokapróf (30%) þar sem reynir á hvort nemendur geti beitt þeirri þekkingu og hæfni sem þeir ættu að hafa tileinkað sér á önninni. |

Námsgrein: Stærðfræði
Kennari: Sigurjón Magnússon

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| 24.08. – 07.09. | *að nem. geti notað algebru til að tákna samband stærða í rúmfræði<br>* að nem. kunni að nota pýþagórasarreglu<br>* að nem. þekki rétthyrnt hnitakerfi sem og pólhnitakerfi<br>* að nem. geti fundið fjarlægð punkta í hnitakerfi | Rúmfræði og algebra | Töflukennsla og einstaklingsaðstoð | Próf |
| 08.09.- 20.09. | | Upprifjun vegna samræmdra prófa | Töflukennsla og einstaklingsaðstoð | |
| 24.09- 11.10. | * að nem. hafi skilning á talnamengjum og einkennum þeirra<br>* að nem geti notað veldi<br>* a nem. þekki frumtölur og geti nýtt sér frumþáttun til að finna stærsta sameiginlega þátt og samnefnara | Tölur og talnafræði | Töflukennsla og einstaklingsaðstoð | Kaflapróf |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12.10.-25.10. | * að efla skilning nem. á hugtakinu líkur og notkun þess í daglegu lífi<br>* að nem. geti kannað l´kur, skráð þær skipulega og túlkað niðurstöður. | Líkur | Töflukennsla og einstaklingsaðstoð | Kaflapróf |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 26.10-14.11. | * að nem. geti reiknað með almennum brotum og veldum<br>* geti útskýrt hugtök,aðferðir og eigin lausnir<br>* að nem. kynnist því hvernig sannanir eru settar fram | Reikningur og algebra | Töflukennsla og einstaklingsaðstoð | kaflapróf |
| 15.11.-6.12. | * að nem. geti notað táknmál stærðfræðinnar til að skrá samband stærða<br>* að nem. nái góðu valdi á að einfalda stæður<br>* að nem. þekki helstu reiknireglur og geti beitt þeim við þáttun og margföldun liðastærða<br>* að nem. geri greinarmun á jöfnum og ójöfnum og geti leyst fyrsta stigs jöfnur | Algebra og jöfnur | Töflukennsla og einstaklingsaðstoð | kaflapróf |
| 07.12-15.12. | | Upprifjun | | Annarpróf |

Námsgrein: enska 10. b
Kennari: Björk Pálmadóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Ágúst- júní | Að nemandinn geti tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, námsog þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt, án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. | Hlustun | Hlustunar æfingar og hlustunarefni úr ýmsum áttum. Lesnar smásögur, gömul samræmd próf unnin og hlustunaræfingar úr námsbókunum. Nemendur þjálfaðir í að skilja leiðbeiningar kennara í kennslustundum og hlusta á samnemendur. | Krossapróf sem fylgja gömlum samræmdum prófum, umræður og munnleg yfirferð á hlustunarefni, jafningjamat |
| | Að nemandinn geti lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum, aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu, lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður | Lesskilningur | Lestextar af ýmsum toga s.s. smásögur, skáldsögur, blaðagreinar og textar sem nemendur velja sjálfir. Textarnir lesnir nemendum til ánægju, umræðu og til að auka orðaforða. Nemendur æfa sig í að þekkja aðalatriðin með því að útbúa staðreyndar-spurningar. | Lesskilningspróf, umræður í tímum metnar, útdrættir metnir, jafningjamat og sjálfsmat |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt, | | Umræður um boðskap og það sem sagt er milli lína fara fram í tímum til að dýpka skilning og ýta undir gagnrýna hugsun | |
| | Að nemandinn geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki og samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. | Ritun | Fjölbreyttir textar skrifaðir s.s útdrættir, persónulýsingar, gagnrýni o.fl. unnið uppúr sögum, myndum og öðrum sem unnið er með í kennslunni | Textarnir metnir eftir gæði innihaldsins og gæði tungumálsins. Notað verður leiðsagnamat, sjálfsmat og félagamat |
| | Að nemandinn geti sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði, getu bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.<br>Að nemandinn geti sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum, greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv., flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið | Talað mál | Öll samskipti í kennslustofunni fara fram á ensku bæði við kennara og milli nemenda. Nemendur hvattir til samræðna og umræðna um alla þætti námsins, bæði innihald efnis og einnig uppbyggingu tungumálsins og málfræðilega þætti þess. Show and tell u.þ.b. tvisvar á önn og munnlegar kynningar á verkefnum. Nemendur halda bókarkynningar þar sem boðið er uppá | Leiðsagnamat, óformlegt sjálfsat og jafningjamat þar sem notaðir eru matslistar sem nemendur hafa unnið |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. | | spurningar og umræður um bókina. | |

Námsgrein: danska 10. bekkur
Kennarar: Sigríður Hreinsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Sept -maí | **Lykilhæfni:**<br>**Að nemandi geti…**<br>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi,<br>• skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.<br>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína, | markmiðasetning | Nemendur setja sér persónuleg markmið og meta hvernig hefur gengið að ná þeim<br><br>Evrópska tungumálamappan | Símat, verkefni og vinna í tímum metin. Metnir eru 5 þættir: Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn og ritun. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla raðast nemendur á 3 stig eftir getu. Í 1. bekk ættu nemendur að vera að ljúka 3. . stigi. Metið er hversu sterkir þeir eru á stiginu á skalanum A, B,C og D. |
| Sept – maí | **Að nemandi geti…**<br>• fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.<br>• tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,<br><br>• hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. | Hlustun | Nemendur horfa á danska þætti einu sinni í viku „store drømme“ stuttmyndir, frettir, tónlist ofl úr dönsku sjónvarpi<br><br>Nemendur velja sér hojskole í DK út frá áhugasviði, kynna sér hann vel og kynna fyrir bekkinn.<br>Kynnast danskri menningu og landinu í heild. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.<br>Hlustunarverkefni í vinnubók metin, hlustunarpróf og verkefni.<br>Mat á samvinnu og flutningi verkefnis.<br>Mat á lykilhæfni útfrá hópverkefni. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Hlustunaræfingar í vinnubók. | |
| Sept – maí | **Að nemandi geti…**<br>• lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.<br><br>• aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu,<br><br>• lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,<br><br>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi. | Lesskilningur | Lesskilningsæfingar eru í hverri viku.<br>Nemendur lesa vikulega texta úr lesbók og ýmislegt af neti og greinar, finna upplýsingar og vinna með texta á fjölbreyttan hátt.<br><br>Nemendur lesa stutta skáldsögu | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.<br>Lesskilningspróf.<br><br>Mat á kynningum nemenda á textum og bókum sem þeir hafa lesið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Lykilhæfni:**<br>**Að nemandi geti…**<br><br>• notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám, | | | |
| Sept – maí | **Að nemandi geti…**<br><br>skrifað lipran samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,<br><br>skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við,<br>• tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu, | Ritun | Sett sér markmið á dönsku fyrir veturinn<br><br>Skrifa ritunarverkefni um áhugasvið,<br><br>Skrifað á veggspjöld verkefni um nordiske idoler<br><br>Skrifað lesendabréf | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Ritunarverkefni reglulega og verkefni í vinnubók metin reglulega..<br><br>Veggspjald metið<br><br>Skil á ritunarverkefni (lítilli ritgerð ) |
| Sept – maí | **Að nemandi geti…** | Samskipti | Samskiptaæfingar eru í hverri viku. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í<br>• tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum, | | Nemendur taka þátt í ýmsum samskiptaleikjum, búa til leikþætti þar sem þeir þurfa að setja sig inní ákveðnar aðstæður.<br>æfa sig í tímum og spyrja og svara á dönsku. | |
| Sept – maí | **Að nemandi geti…**<br>tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,<br><br>tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum,<br>• flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,<br>• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.<br><br>**Lykilhæfni:**<br>**Að nemandi geti…**<br><br>•beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf, | Frásögn | Kynnt verkefni sín<br>• Tekið þátt í leikþáttum þar sem nemendur setja sig í ákveðnar aðstæður, t.d. fara á matsölustað<br><br>Nemendur búa til þátt eða stuttmynd | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi,<br>• unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,<br>• nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni | | | |

Námsgrein: Samfélagsfræði
Kennari: Helga Halldórsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Sept. | Geta sýnt skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti og jöfnuði.<br>Útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af umhverfi og búsetu, félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar og lífsviðhorfum. | Sjálfsmyndin<br>Mannréttindi<br>Efst á baugi | Hópvinna, umræður, einstaklingsvinna | Símat, sjálfsmat, jafningjamat, skyndipróf |
| Okt. | Geta útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræði,<br>Greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.<br>Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga. | Mannréttindi<br>Lýðræði<br>Efst á baugi | Hópvinna, umræður, einstaklingsvinna | Símat, sjálfsmat, jafningjamat, próf, skyndipróf |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Nóv. | Geta gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gangkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menniingarsvæðum | Fjölskyldan<br>Efst á baugi | Hópvinna, umræður, einstaklingsvinna | Símat, sjálfsmat, jafningjamat, skyndipróf |
| Des. | | Unnið áfram með málefni annarinnar | Hópvinna, umræður, einstaklingsvinna | Símat, sjálfsmat, jafningjamat, próf? |

Námsgrein: Náttúrufræði 10. bekkur
Kennari: Ingibjörg Kristín Gunnararsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ágúst-október | Stefnt er að því að nemandi geti:<br>- beitt helstu hugtökum og heitum í náttúrugreinum<br>- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns og farið eftir verklýsingum tilrauna<br>- nýtt frumeindakenninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti | Efnisheimurinn kaflar 1-2. Frumefni, tákn þeirra Efnasambönd, efnablöndur, formúlur. Frumefnin og mannslíkaminn. Hamur efnis - táknin s, l og g. Efnabreytingar Frumeindir og sameindir Frumeindakenningin Öreindir, Frumeindamassi, lotukerfið, | Innlagnir frá kennara, myndbönd og verkefnavinna nemenda. Tilraunir og athuganir Samvinna og einstaklingsvinna | Símat, kaflapróf og vinnubók metin. Einnig er horft til sjálfstæðra vinnubragða, ábyrgðar á eigin námi og virkni. |
| nóvember-desember | -beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á skýran og gagnrýnin hátt við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda | Sjálfvalið efni | Nemendur velja efni út frá áhugasviði sínu, gera tilraunir, rannskóknir, leita fróðleiks á vef og skila verkefni í lok vinnunnar sem metið er til einkunnar. Verkefnið getur verið á t.d. í formi ritgerðar, myndbands, skýrslu eða glærsýningar. | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Janúar-mars | -skilgreint erfðafræði<br>-lýst litningakenningunni<br>-útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika | Erfðafræði | | Kaflapróf |
| Apríl-maí | | Valverkefni | | Próf, verkefna- og vinnubókarskil. Sjálfstæði, virkni og vinnubrögð metin. |

Námsgrein: Lífsleikni

Kennari: Fríða Pétursdóttir og Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir

Birt með fyrirvara um breytingar.

Í kennslustundum er lögð áhersla á jákvæð samskipti og tjáningu Almennt hefjast kennslustundir á umfjöllun eða kynningu kennara sem fylgt er eftir með margvíslegri verkefnavinnu. Nemendur vinna ýmist einir eða í pörum og hópum

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Veturinn 2015 - 2016 | Stefnt er að því að nemandi:<br>- geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og virði skoðanir og fjölbreytileika mannlífsins.<br>- geti sett fram ígrundaðar skoðanir á málefnum sem eru til umræðu og tekið upplýsta afstöðu.<br>- átti sig á því fjármálaumhverfi sem blasir ungmennum á Íslandi.<br><br>- geti hlustað af athygli og virðingu á aðra<br>- efli sjálfstraust sitt og sjálfsþekkingu<br>- geti sett sér persónuleg markmið, bæði námsleg og félagsleg og unnið að þeim. | **Heimspekilegar samræður**<br>Stuðst við margvíslegt efni frá kennara.<br><br>**Fjármálalæsi**<br>Bókin Auraráð lögð til grundvallar.<br><br>**Jákvæður agi**<br>Stuðst við handbók um jákvæðan aga.<br>• Heilinn í hendi þér<br>• Bekkjarsáttmáli<br>• Störf-hlutverk nemenda í skólanum<br>• Eineltishringurinn | Innlagnir kennara, umræður | Sjálfsmat<br><br>Mat á verkefnavinnu<br><br>Sjálfsmat |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | - læri leiðir til að leiðrétta mistök og þjálfist í að koma fram við aðra af virðingu | VAL-leið til að leysa mál og læra af mistökum sínum<br><br>**Annað**<br>Reynt er að beina utanaðkomandi heimsóknum inn í lífsleiknitíma og þau verkefni sem snúa að fjáröflun 10. bekkinga verða einnig til umfjöllunar í lífsleikni tímum. | | |

Með markmiðum námsáætlunar í lífsleikni er stefnt að því að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla 2013).( http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/).

Námsgrein: Íþróttir
Kennari: Selma og Palli

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| 24. ágú -<br>3. okt | Fjölbreytt hreyfinám<br>Læra klæða sig eftir veðri og vindum<br>Kynnast nánasta umhverfi skólans | Útiíþróttir | Boginn, frjálsíþróttavöllur á Þórssvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stiginn við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn | Stöðumat, greinandi mat og lokamat |
| 5. okt -<br>19. des | Fjölbreytt hreyfinám<br>Auka þol, styrk, snerpu og liðleika<br>Þjálfa færni í sem flestum íþróttagreinum<br>Efla færni í samskiptum<br>Fræða um heilbrigði | Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálsar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL | Leikir ráðandi þáttur<br>VAL – krakkarnir stjórna 4-6 saman einum íþróttatíma yfir veturinn og skila tímaseðli á stöðluðu formi | Stöðumat, greinandi mat og lokamat |

Námsgrein: Sund

Kennari: Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir

**Mikil er lagt upp úr góðri ástundun og miðar námsmatið að stórum hluta að því að nemendur mæti vel og taki virkan þátt.** Geti nemendur af einhverjum ástæðum ekki tekið þátt í sundtíma skal skila miða frá foreldrum til sundkennara þar sem greint er frá ástæðum. Einnig er hægt að senda tölvupóst til sundkennara. Nemendur sem ekki taka þátt, eru á bakkanum og fylgjast með uns tíma lýkur. Gleymi nemandi sundfötum oftar en ei nu sinni er skráð fjarvist. Nemendur sem búa nálægt skóla, geta farið heim í byrjun tíma og náð í sundfatnað og tekið þátt í því sem eftir er af tímanum. Ekki er skráð *seint* í þann tíma.

| | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|

| Tímabil | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Skólaárið 2015-2016** | Helstu markmið með sundkennslu er að nemendur:<br>- þjálfist í helstu sundaðferðum og verði færir um að nýta færni sína sér til heilsubótar og ánægju<br>- skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sund sem líkams- og heilsurækt<br>- nái góðum tökum á helstu sundaðferðum, auki þol sitt, styrk og leikgleði<br>-taki tillit til annarra og fylgi leikreglum<br>- geri sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umhverfisreglna á sundstöðum og taki ákvarðanir á þeim grunni<br>- geti beitt helstu atriðum skyndihjálpar í vatni og synt björgunarsund með jafningja stutta sundleið | Þolþjálfun. Skriðsund, baksund, skólabaksund, bringusund, kafsund, stungur af bakka, öryggi á sundstöðum, marvaði, björgunarsund. Leikir og tækniæfingar. | Tækniæfingar og færni þjálfuð miðað við stöðu hvers og eins.<br>Leikir, stöðvaþjálfun. | Símat á stöðu nemenda varðandi þol, færni og tækni. Nemendur taka próf-sundstig sem hæfa aldri og/eða stöðu einstaklingsins í lok annar þar sem horft er á færni/tækni og einnig er hraði metin í einstaka sundaðferðum.<br>**Mæting, virkni og þátttaka** í kennslustundum vegur þó mest og er 60% af heildareinkunn.<br>**Tímataka/próf:** 10%<br>**Færni, tækni:** 30 % |